

## 54. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 24.04 2018, kl. 13.30

---

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Þorvarður Ingimarsson og Eyjólfur Ingvason 2. varamaður, sem var mættur í forföllum Lárusar Heiðarssonar. Einnig var mættur lögfræðingur sveitarfélagsins Kristinn Bjarnason.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. **Ýmis mál.** *Lögfræðingur Fljótsdalshrepps, Kristinn Bjarnason viðstaddur*
2. **Mál 5 sveitarfélaga gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**
  - a) Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. apríl, í máli Fljótsdalshrepps
  - b) Tölvupóstur frá Óskari Sigurðssyni, lögmanni LEX lögmannsstofu dags. 10.04 2018
3. **Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026**
4. **Samningur við Hleðslu ehf, um rekstur rafhleðslustöðvar**
5. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2017, síðari umræða.** *Endurskoðendur og bókhaldari viðstaddir*
6. **Þjónustu- og samstarfssamningur við Austurbrú**
7. **Ný heimasíða, drög að útliti**
8. **Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 26.05 2018**
9. **Bréf**
  - a) Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
  - b) SSA, tölvupóstur dags. 12.04 2018
10. **Fjárbeiðnir**
  - a) Hrókurinn
  - b) Foreldrar skíðagarpa í Stafdal
  - c) Skógardagurinn mikli 2018
11. **Fundargerðir**
  - a) Brunavarnir á Austurlandi 10.04 2018
  - b) Almannaþingarnefnd Múlaþings 10.04 2018
  - c) Samstarfsnefnd 06.04 2018
  - d) Félagsmálanefnd 17.04 2018
12. **Skýrsla oddvita**
13. **Önnur mál**

## 1. Ýmis mál.

Farið var yfir ýmis mál sem lögmaður sveitarfélagsins hefur unnið að með sveitarstjórn og eru ekki öll fullfrágengin. Niðurstaða er ekki fengin í kærumál varðandi deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum 1, þ.e. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur ekki enn úrskurðað í málinu. Unnið er að samningum um lóðaafnot við Hengifossá vegna áforma um byggingu þjónustuhúss í landi Mela og samningur um kaup á landspildu úr landi Valbjófsstaðar er í vinnslu.

## 2. Mál 5 sveitarfélaga gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. apríl, í máli Fljótsdalshrepps. Kynnt.

Tölvupóstur frá Óskari Sigurðssyni, lögmanni LEX lögmannsstofu dags. 10.04 2018. Kynnt.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur féll gegn sveitarfélögunum og var þeim dæmdur málskostnaður kr. 1 millj á hvert sveitarfélag. Eftir umræður var samþykkt að áfrýja máli Fljótsdalshrepps með fyrirvara um að önnur sveitarfélög, geri það einnig.

## 3. Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026. Kynnt og samþykkt eftir umræður.

## 4. Samningur við Hleðslu ehf, um rekstur rafhleðslustöðvar við Gestastofu á Skriðuklaustri. Samþykktur samningur og oddvita falið að undirrita.

*Aðalsteinn Sigurðsson og Ingvar Stefánsson frá Deloitte mættu til fundar kl 14.45 ásamt Unni Ingu Dagsdóttur bókara sveitarfélagsins.*

## 5. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2017, síðari umræða.

Aðalsteinn Sigurðsson endurskoðandi ársreikninga Fljótsdalshrepps fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu. Eftir umræður var ársreikningur borinn upp, samþykktur samhljóða og undirritaður

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Fljótsdalshrepps 2017 :

Rekstrartekjur A og B hluta	169.502 millj
Rekstrargjöld A og B hluta	133.226
Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	36.276
Afskriftir A og B hluta	28.730
Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	7.547
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	(2.167)
Rekstrarniðurstaða	5.380
Eignir samtals	865.482
Skuldir og skuldbindingar samtals	15.700
Handbært fé í árslok	202.416
Veltufé frá rekstri	40.935

Fljótsdalshreppur uppfyllir skilyrði sem sveitarfélögum eru sett um skuldahlutfall (skuldahlutfall Fljótsdalshrepps er 0,0 %, en má hæst vera 150% og sveitarfélagið uppfyllir einnig viðmið um rekstrarjöfnuð, þar sem rekstrarafkoma þriggja síðustu ára er jákvæð. Veltufé frá rekstri er vel viðunnandi og eignastaða sterk. Helstu frávik frá fjárhagsáætlun skýrast af hærri útsvarsgreiðslum en áætlað var, meiri styrkjum til atvinnumála, framkvæmdum við stíg að Hengifossi og varúðarniðurfærslu á eignahluta í Barra og Skógarorku. Laugarfellsskáli hefur verið skráður í fasteignaskrá og skattstjóri hefur hafið endurgreiðsla virðisaukaskatts sem setið hefur fastur í kerfinu undanfarin ár. Langtímalán að upphæð kr. 7, 8 millj. hvílir á 2 félagslegum íbúðum á Hallormsstað sem Fljótsdalshreppur á með Fljótsdalshéraði. eru það einu lánin sem sveitarfélagið er með.

*Aðalsteinn, Ingvar og Unnur Inga fór af fundi kl 16.15*

- 6. Þjónustu-og samstarfssamningur við Austurbrú.** Samningurinn samþykktur og oddvita falið að skrifa undir. Samningur gildir árið 2018.

*Eyjólfur yfirgaf fund kl 17.18*

- 7. Ný heimasíða, drög að útliti.** Kynnt. Er í vinnslu.

- 8. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 26.05 2018.**

Kjörskrá liggur ekki fyrir og verður skv. upplýsingum frá Þjóðskrá ekki tilbúin fyrr en 9. maí. Samþykkt að fela oddvita að yfirfara kjörskrána og undirrita, þegar hún berst.

- 9. Bréf**

- a) Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Tilkynning um arðgreiðslu vegna rekstrar 2017. Arðgreiðsla til sveitarfélagsins er kr. 104.760- að frádregnum 20% fjármagnstekjuskatti.
- b) SSA, tölvupóstur dags. 12.04 2018. SSA samþykkir að setja af stað vinnu við endurskoðun fjallskilasamþykktar í samstarfi MAST og sveitarfélaganna.

- 10. Fjárbeiðnir.**

- a) Hrókurinn. Samþykkt að vera brons-bakjarl Hróksins með styrk kr. 25 þús.
- b) Foreldrar skíðagarpa í Stafdal. Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 8 þús.
- c) Skógardagurinn mikli 2018. Samþykkt að styrkja Skógardaginn um kr. 100 þús.

- 11. Fundargerðir**

- a) Brunavarnir á Austurlandi 10.04 2018. Kynnt.
- b) Almannahverndarnefnd Múlapings 10.04 2018. Kynnt.
- c) Samstarfsnefnd 06.04 2018. Kynnt.
- d) Félagsmálanefnd 17.04 2018. Kynnt.

*Samþykkt að taka tvær fundargerðir Landbótasjóðs til afgreiðslu*

- e) Landbótasjóður dags 16.02 og 22.02 18. Kynntar.

- 12. Skýrsla oddvita.**

Rafrænn teljari hefur verið settur upp á göngustíg að Hengifossi. Hægt er að fylgjast með fjölda gesta, hvaða hluta dags gengið er, draga saman þær upplýsingar eftir dögum eða lengri tímabilum o.fl.

Skipulagslýsing breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 hefur verið auglýst og óskað umsagna. Breyting snýr að 4 nýjum efnistökusvæðum vegna fyrirhugaðrar Kröflulínu 3. Athugasemdarfrestur við lýsinguna er til og með 25. maí.

Húsvörður Végarðs hefur lokið námskeiði fyrir dyraverði og fær þar með réttindi til að starfa sem dyravörður.

### 13. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir. Sveitarstjórnarfulltrúar þökkuðu hver öðrum samstarfið á kjörtímabilinu og lögmanni veitta aðstoð og samstarf og var fundi slitið kl. 18.15

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnmarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)